



9. stjórnarfundur LH

26. ágúst 2019 kl. 16:00 Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Siguroddur Pétursson, Ágúst Hafsteinsson, Stefán Logi Haraldsson og Eggert Claessen Hjartarsson úr aðalstjórn. Í fjarfundarbúnaði: Ómar Ingi Ómarsson, Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn. **Fjarverandi:** Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Þórdís Arnardóttir úr varastjórn.

1. **Formaður setti fund og Sóley Margeirsdóttir var fundarstjóri**

2. **Samþykktir fundargerða**

8. fundargerð stjórnar samþykkt.

3. **HM Berlín 2019, bráðabirgðauppgjör**

Lagt fram bráðabirgðauppgjör.

Landsliðsþjálfari mun skila skýrslu um HM til landsliðsnefndar og stjórnar LH.

4. **Formaður menntanefndar**

Rósa Birna Þorvaldsdóttir hefur beðist lausnar sem formaður menntanefndar. Nýr formaður menntanefndar er Mette Mannseth.

5. **Móttaka landsliðsins hjá forseta Íslands og mennta- og menningarmálaráðherra**

Mennta- og menningarmálaráðherra býður landsliðinu til móttöku í ráðuneytinu föstudaginn 30. ágúst. Forseti Íslands býður til móttöku 2. nóvember, sama dag og uppskeruhátíðin er. LH er þakklátt fyrir heiðurinn sem liðinu er sýndur með þessu.

6. **FEIF þing 2020**

Hefja þarf sem fyrst vinnu við að móta tillögur sem leggja skal fram á næsta FEIF þingi sem verður haldið 31. janúar til 2. febrúar nk.

7. **Íslandsmót 2020**

Enginn sótti um að halda Íslandsmót 2020 fullorðinna og barna. Skrifstofa sendir á formenn félaganna hvatningu til að sækja um og verður afgreitt á formannafundi.



8. **Bréf vegna Íslandsmóts (styrkbeiðni)**

Undirbúningsnefnd Íslandsmótsins óskar eftir styrk til að standa undir kostnaði við fótaskoðun. Beiðni um styrk hafnað. Skrifstofu falið að senda undirbúningsnefnd Íslandsmóts svarbréf.

9. **Hollvinasamtök Skógarhóla**

ECH kynnti hugmyndir um stofnun Hollvinasamtaka Skógarhóla.

Samþykkt að stjórn LH skipi þriggja til fimm manna nefnd sem hefði yfirumsjón með Hollvinasamtökum og framkvæmdum sem þau munu standa fyrir. Skrifstofu falið að útbúa erindisbréf fyrir nefndina.

10. **Starfsmannamál**

Sumarstarfsmaður er ráðinn út september. Verið að skoða möguleika á áframhaldandi ráðningu starfsmanns í hlutastarfi. Mörg brýn verkefni eru framundan til dæmis í afreksmálum unglinga ofl. framkvæmdastjóra falið að greina kostnað við aukastarfsmann og leggja fyrir næsta fund.

11. **Erindi frá GDLH um Íslandsmót í gæðingkeppni**

Erindi GDLH tekið fyrir og vísað til keppninefndar til umsagnar.

12. **Önnur mál**

a. **Fundardagar stjórnar**

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund 13. September og leggja þá fram fundardaga vetrarins.

b. **Kynbótaknapar sem eru erlendis**

Ábending barst stjórn um að kynbótaknapar sem væru erlendis hafi ekki verið tilnefndir sem kynbótaknapi ársins. Þessu var beint til valnefndar að kanna hvort knapar staddir erlendis séu teknir til greina í tilnefningum á kynbótaknöpum ársins.

c. **Bókhald**

Rætt var um að bókarí skili uppgjöri til stjórnar jafnvel mánaðarlega.

Framkvæmdarstjóra og gjaldkera falið að ræða við bókara og finna út hentugt skipulag.



d. **Staða verkefna í nefndum**

Skrifstofu falið að hafa samband við formenn nefnda og taka stöðuna á verkefnum.

e. **Tölvunefnd ÍSÍ**

Á síðasta landsþingi ÍSÍ var skipuð ný óháð tölvunefnd sem er falið að endurskoða Felix tölvukerfi ÍSÍ. LH á fulltrúa í þeirri nefnd Kristínu Jónsdóttir sem situr einnig í tölvunefnd LH.

f. **Sportfengur í Svíþjóð**

SM fór á Sænska meistara mótið til að aðstoða mótshaldara við SportFeng. Allt gekk að óskum og Svíjar hafa nú notað SportFeng á fjölmörgum mótum síðan þá.

Engin önnur mál tekin fyrir, fundi slitið um 19:00

Fundargerð ritaði Berglind Karlsdóttir

Íþróttamiðstöðin Laugardal 26. ágúst 2019